# GJALDSKRÁ

**vegna lausagöngu búfjár í Skagafirði.**

1. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt samþykkt um búfjárhald í þéttbýli í Skagafirði, nr. 1666/2023. Henni er ætlað að standa undir kostnaði sem hlýst af handsömun, fóðrun og hýsingu lausagöngubúfjár ásamt útgáfu.

2. gr.

Handsömunargjald skv. 8. gr. samþykktar um búfjárhald í þéttbýli í Skagafirði, nr. 1666/2023, skal vera 20.540 kr. Að auki skal greiða þann kostnað, sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi búfénaðs.

3. gr.

Um vexti af vangreiddum gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari gilda almennar reglur. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 55/2013 um velferð dýra. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af sveitarstjórn Skagafjarðar 15. október 2025 með tilvísun til heimilda í samþykkt um búfjárhald í þéttbýli í Skagafirði, nr. 1666/2023, og 24. gr. laga um velferð dýra, nr. 55/2013, og tekur þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1505/2024.

*Sauðárkróki, 9. desember 2025.*

**Sigfús Ingi Sigfússon** sveitarstjóri.

B deild - Útgáfudagur: 23. desember 2025